

2013 nr. 17 6. mars**Lög um útgáfu og meðferð rafeyris**

Tóku gildi 1. apríl 2013. Breytt með 1. 78/2014 (tóku gildi 12. júní 2014) og 1. 58/2015 (tóku gildi 17. júlí 2015).

I. kafli. Almenn ákvæði.**■ 1. gr. Gildissvið.**

- Lög þessi gilda um útgáfu og meðferð rafeyris hér á landi.
- Lög þessi gilda um innlend rafeyrisfyrirtæki og um starfsemi erlendra rafeyrisfyrirtækja hér á landi.
- Um rafeyrisfyrirtæki með takmarkað starfsleyfi skv. 16. gr. gilda ekki ákvæði 11.–14. gr. og 1. mgr. 26. gr.

■ 2. gr.

- Lög þessi gilda ekki um:
 - a. peningaleg verðmæti sem geymd eru á miðlum sem aðeins er unnt að nota til kaupa á vörum og þjónustu á afhafnasvæði útgefanda eða samkvæmt viðskiptasamningi við útgefanda, annaðhvort innan afmarkaðs þjónustukerfis þjónustuveitenda eða fyrir takmarkað svið vara og þjónustu, eða
 - b. peningaleg verðmæti sem notuð eru til greiðslna sem framkvæmdar eru með tilstyrk hvers kyns fjarskiptabúnaðar, stafræns búnaðar eða upplýsingatækniþúnaðar þegar keyptar vörur eða þjónusta er afhent til og skal notuð í slíkum búnaði, að því tilskildu að rekstraraðili búnaðarinn starfi ekki einvörðungu sem milliliður milli notanda greiðsluþjónustu og afhendingaraðila vara og þjónustu.

■ 3. gr. Útgefendur rafeyris.

- Útgáfa rafeyris er þeim einum heimil hér á landi er teljast til útgefanda rafeyris í skilningi laga þessara, enda hafi þeir tilskilin leyfi íslenskra stjórnvalda eða stjórnvalda í öðru aðildarríki.

■ 4. gr. Orðskýringar.

- Í lögum þessum merkir:
 1. *Aðildarríki*: Ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunar-samtaka Evrópu eða Færeyjar.
 2. *Dreifingaradili*: Aðili sem veitir þjónustu í formi sölu og dreifingar rafeyris fyrir hönd útgefanda og hefur ekki með höndum greiðsluþjónustu í skilningi laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu.
 3. *Greiðslumiðill*: Hvers kyns persónubundinn búnaður og/eða verklag sem greiðsluþjónustuveitandi og notandi greiðsluþjónustu koma sér saman um og notandinn notar til að gefa greiðslufyrirmæli.
 4. *Meðaltal útstandandi rafeyris*: Meðaltal heildarfjárskuldbindinga vegna rafeyris sem gefinn hefur verið út við lok hvers almanaksdags næstliðna sex mánuði, reiknað út fyrsta almanaksdag hvers almanaksmánaðar og gildir þann mánuð.
 5. *Rafeyrir*: Peningaleg verðmæti, í formi kröfu á útgefanda sem er geymd í rafrænum miðli, þ.m.t. á segulformi, gefin út í skiptum fyrir fjármuni, í þeim tilgangi að framkvæma greiðslu í skilningi laga um greiðsluþjónustu og samþykkt er sem slík af öðrum aðilum en útgefandanum sjálfum.
 6. *Rafeyrisfyrirtæki*: Lögadili sem hefur fengið starfsleyfi til að gefa út rafeyri skv. III. kafla, hér á landi eða í öðru aðildarríki.
 7. *Umboðsaðili*: Aðili sem auk þess að selja eða innleysa rafeyri fyrir hönd rafeyrisfyrirtækis stundar greiðsluþjónustu í skilningi laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu.
 8. *Útgefandi rafeyris*, sbr. 3. gr.:
 - a. rafeyrisfyrirtæki skv. III. kafla,

b. fjármálafyrirtæki með starfsleyfi til móttöku innlána eða annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi og veitingar útlána fyrir eigin reikning,

c. Seðlabanki Evrópu (ECB) og seðlabankar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu þegar þeir eru ekki í hlutverki stjórnvalds peningamála,

d. stjórnvöld þegar þau starfa á eigin vegum sem opinber yfirvöld.

9. *Útibú*: Starfsstöð önnur en aðalskrifstofa sem er hluti af rafeyrisfyrirtæki og telst ekki sjálfstæður lögadili og annast beint, að öllu leyti eða að hluta, þá starfsemi sem fram fer hjá rafeyrisfyrirtæki. Allar starfsstöðvar rafeyrisfyrirtækis í einu og sama ríkinu á Evrópska efnahagssvæðinu skulu teljast eitt útibú ef aðalskrifstofa rafeyrisfyrirtækis er í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

II. kafli. Útgáfa rafeyris og möguleiki á innlausn.**■ 5. gr. Útgáfa rafeyris.**

- Útgefandi rafeyris skal gefa rafeyri út á nafnverði þegar fjármunum er veitt viðtaka.

■ 6. gr. Bann við vöxtum.

- Óheimilt er að reikna vexti eða veita handhafa rafeyris önnur hlunnindi sem byggjast á lengd þess tíma sem handhafi hefur rafeyri undir höndum.

■ 7. gr. Innlausn rafeyris.

- Útgefanda rafeyris ber að innleysa peningalegt verðmæti rafeyris án tafar og á nafnverði, að kröfu handhafa rafeyrisins, að teknu tilliti til heimilda til gjaldtöku vegna innlausnarinnar, sbr. 8. gr.

- Handhafi rafeyris getur krafist innlausnar hvort heldur í heild eða að hluta.

- Í samningi útgefanda og handhafa rafeyris skal á greinilegan og áberandi hátt tilgreina skilyrði fyrir innlausn rafeyrisins, þ.m.t. mögulega greiðslu þóknunar vegna innlausnarinnar. Handhafi rafeyris skal upplýstur um skilyrði innlausnar áður en samningur eða tilboð verður bindandi fyrir hann.

- Ef handhafi rafeyris krefst innlausnar við lok samnings eða allt að ári eftir að samningurinn fellur úr gildi skal:
 - a. samtala peningalegs verðmætis rafeyrisins innlest eða
 - b. innleysa alla þá fjármuni sem handhafi rafeyrisins krefst ef rafeyrisfyrirtæki annast aðra starfsemi skv. e-lið 1. mgr. 24. gr. og ekki er vitað fyrir fram hvaða hlutfall fjármuna á að nota sem rafeyri.

- Um fyrningu krafna vegna rafeyris fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda.

■ 8. gr. Þóknun vegna innlausnar.

- Gjaldtaka vegna innlausnar skv. 7. gr. er aðeins heimil ef hún á stoð í samningi aðila og aðeins í eftirfarandi tilvikum:
 - a. ef gerð er krafa um innlausn fyrir lok samnings,
 - b. ef um ræðir tímabundinn samning og handhafi rafeyrisins segir honum upp fyrir lokadag eða
 - c. ef innlausnar er krafist meira en ári eftir lokadag samnings.

- Gjaldtaka vegna innlausnar skal vera hófleg og endurspeglar raunkostnað útgefanda vegna innlausnarinnar.

- Víkja má frá ákvæðum 7. gr. og þessarar greinar með samningi, í heild eða að hluta, þegar handhafi er ekki neytandi.

III. kafli. Rafeyrisfyrirtæki.**A. Stofnun og fjárhagsgrundvöllur.****■ 9. gr. Rekstrarform og höfuðstöðvar.**

- Rafeyrisfyrirtæki skal starfa sem lögaðili.
- Rafeyrisfyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 15. eða 16. gr. laga þessara skal hafa höfuðstöðvar sínar hér á landi.

■ 10. gr. Heiti.

- Rafeyrisfyrirtæki með starfsleyfi samkvæmt lögum þessum er einu heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „rafeyrisfyrirtæki“, eitt sér eða samtengt öðrum orðum.
- Sé hætta á að villst verði á nöfnum erlends og innlends rafeyrisfyrirtækis sem starfa hér á landi getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að annað fyrirtækjanna verði auðkennt sérstaklega.

- Sé hætta á að villst verði á nöfnum erlends og innlends rafeyrisfyrirtækis sem starfa hér á landi getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að annað fyrirtækjanna verði auðkennt sérstaklega.

■ 11. gr. Stofnfé.

- Stofnfé rafeyrisfyrirtækis skal á hverjum tíma nema að lágmarki jafnvirði 350.000 evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni og skal samsett úr þeim þáttum sem taldir eru upp í 5. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

■ 12. gr. Eiginfjárgrunnur.

- Eiginfjárgrunnur rafeyrisfyrirtækis samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki má á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 11. eða 13. gr., hvor fjárhæðin sem er hærrí.

- Rafeyrisfyrirtæki sem tilheyrir samstæðu þar sem í er annað rafeyrisfyrirtæki, fjármálafyrirtæki, greiðslustofnun eða váttryggingafélag er einungis heimilt að telja eiginfjárlíði einu sinni til eiginfjárgrunns. Það sama á við ef rafeyrisfyrirtæki stundar aðra starfsemi en útgáfu rafeyris samkvæmt lögum þessum.

■ 13. gr. Útreikningur eigin fjár rafeyrisfyrirtækja.

- Eigið fé rafeyrisfyrirtækis skal á hverjum tíma nema að lágmarki summu útreikninga skv. 2. og 3. mgr.

- Eigið fé rafeyrisfyrirtækis vegna veitingar greiðsluþjónustu skv. a-lið 1. mgr. 24. gr., og sú starfsemi tengist ekki útgáfu rafeyris, skal reiknað í samræmi við 12. gr. laga um greiðsluþjónustu.

- Eigið fé rafeyrisfyrirtækis vegna útgáfu rafeyris skal reiknað í samræmi við aðferð D, sbr. 4. mgr.

- Aðferð D: Eigið fé rafeyrisfyrirtækis vegna útgáfu rafeyris skal að lágmarki nema 2% af meðaltali útistandandi rafeyris.

- Ef rafeyrisfyrirtæki annast veitingu greiðsluþjónustu skv. a-lið 1. mgr. 24. gr., og sú starfsemi tengist ekki útgáfu rafeyris, eða aðra starfsemi sem um getur í b–e-lið 1. mgr. 24. gr. og fjárhæð útistandandi rafeyris er óþekkt fyrir fram skal Fjármálaeftirlitið heimila rafeyrisfyrirtækinu að reikna út kröfur um eigið fé á grundvelli lýsandi hlutfalls sem ætla má að notað sé til útgáfu rafeyris, að því tilskildu að hægt sé að meta slíkt lýsandi hlutfall með góðu móti á grundvelli sögulegra gagna og með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið fellst á. Ef rafeyrisfyrirtæki hefur ekki starfað í nægilega langan tíma skulu kröfur um eigið fé reiknaðar á grundvelli áætlaðs útistandandi rafeyris samkvæmt viðskiptaáætlun fyrirtækisins, með fyrirvara um breytingar á áætluninni sem Fjármálaeftirlitið kann að vilja gera á henni.

- Fjármálaeftirlitið getur, á grundvelli mats á áhættustýringarferlum, gagnagrunni yfir tapsáhættu og innra eftirlitskerfi rafeyrisfyrirtækis, gert kröfu um að eigið fé rafeyrisfyrirtækis sé allt að 20% hærra en fjárhæðin sem leiðir af beitingu

aðferðarinnar sem valin er í samræmi við 1.–3. mgr. Á sama grundvelli getur Fjármálaeftirlitið heimilað að fjárhæð eigin fjár rafeyrisfyrirtækis sé allt að 20% lægri en fjárhæðin sem leiðir af beitingu þeirrar aðferðar sem valin er í samræmi við 1.–3. mgr.

- Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur samkvæmt þessu ákvæði.

■ 14. gr. Virkur eignarhlutur.

- Aðili sem hyggst eignast, einn sér eða í samstarfi við aðra, virkan eignarhlut í rafeyrisfyrirtæki í skilningi laga um fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um áform sín. Hið sama á við hyggist aðili, einn sér eða í samstarfi við aðra, auka svo við eignarhlut sinn að virkur eignarhlutur fari yfir 20%, 30% eða 50% eða nemi svo stórum hluta að fjármálafyrirtæki verði talið dótturfyrirtæki hans.

- Ákvæði 1. mgr. gildir einnig um eiganda virks eignarhlutar sem hyggst draga svo úr hlutfjár- eða stofnfjáreign sinni eða atkvæðisrétti að hann eigi ekki virkan eignarhlut. Í tilkynningu skal koma fram hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 30% eða 50% eða svo mikið að rafeyrisfyrirtækið hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt. Sama á við ef hlutfallslegur eignarhlutur eða atkvæðisréttur rýrnar vegna hlutfjár- eða stofnfjárukningar.

- Ákvæði VI. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, gilda um meðferð virkra eignarhluta í rafeyrisfyrirtækjum og mat á hæfi virks eiganda eftir því sem við á.

- Fjármálaeftirlitið skal setja nánari viðmið um þær upplýsingar sem greina þarf í tilkynningu.

B. Starfsleyfi.**■ 15. gr. Starfsleyfi.**

- Aðilar, aðrir en þeir sem taldir eru upp í b–d-lið 8. tölul. 4. gr., er hyggjast gefa út rafeyri, skulu afla sér starfsleyfis sem rafeyrisfyrirtæki.

- Fjármálaeftirlitið veitir rafeyrisfyrirtækjum starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Rafeyrisfyrirtæki er heimilt að hefja útgáfu rafeyris að fengnu starfsleyfi.

- Starfsleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal gilda í öllum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. nánari ákvæði þessa kafla.

■ 16. gr. Takmarkað starfsleyfi á Íslandi.

- Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita lögaðila með höfuðstöðvar hér á landi takmarkað starfsleyfi til útgáfu rafeyris að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a. enginn þeirra einstaklinga sem ábyrgir eru fyrir stjórn eða rekstri fyrirtækisins hefur á síðustu tíu árum verið dæmdur fyrir brot sem tengjast peningabætti, fjármögnun hryðjuverkastarfsemi eða auðgunarbrot,

b. samanlögð áætluð útgáfa fjárhæðar rafeyris fer ekki yfir 30 millj. kr. á almanaksári.

- Takmarkað starfsleyfi veitir aðeins heimild til útgáfu rafeyris hér á landi.

- Lögaðili sem hlotið hefur takmarkað starfsleyfi skal í byrjun hvers almanaksárs senda Fjármálaeftirlitinu yfirlit með upplýsingum um heildarfjárskuldbindingar vegna rafeyris sem gefinn hefur verið út síðastliðið almanaksár auk útgáfuspár fyrir yfirstandandi ár. Yfirlitið skal undirritað af stjórn lögaðilans.

- Lögaðili sem hlotið hefur takmarkað starfsleyfi skal tafarlaust tilkynna Fjármálaeftirlitinu ef samanlögð útgáfa fjárhæðar rafeyris sem gefinn hefur verið út á einu og sama almanaksárinu fer yfir 30 millj. kr.

□ Ef fjárhæð rafeyris skv. b-lið 1. mgr. fer yfir tilgreind fjárhæðarmörk er lögðila þó heimil áframhaldandi útgáfa rafeyris á grundvelli þessa ákvæðis ef fullbúin umsókn um starfsleyfi skv. 15. gr. berst Fjármálaeftirlitinu innan 30 daga frá þeim tíma. Þrátt fyrir 2. mgr. 21. gr. skal ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu eða synjun starfsleyfis tilkynnt umsækjanda eigi síðar en 15 dögum eftir að fullbúin umsókn barst.

■ **17. gr. Skrá yfir rafeyrisfyrirtæki.**

□ Fjármálaeftirlitið heldur skrá yfir rafeyrisfyrirtæki samkvæmt lögum þessum. Í skránni skal tilgreina helstu upplýsingar um rafeyrisfyrirtæki, svo sem um starfsheimildir og, ef við á, um umboðsaðila og útibú.

□ Almennir skal hafa aðgang að skrá Fjármálaeftirlitsins yfir rafeyrisfyrirtæki.

■ **18. gr. Umsókn um starfsleyfi.**

□ Umsókn um starfsleyfi skv. 15. gr. eða takmarkað starfsleyfi skv. 16. gr. skal berast Fjármálaeftirlitinu. Hún skal vera skrifleg og ítarleg. Í umsókninni skal gera nákvæmlega grein fyrir þeirri starfsemi sem fyrirhugað er að sinna, svo og hvernig fyrirhugað er að sinna henni. Umsækjandi skal sýna fram á hæfi lögðilans sem æskir starfsleyfis til starfrækslu rafeyrisfyrirtækis í samræmi við ákvæði laga þessara með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins, með framvísun þeirra gagna sem stofnunin metur nauðsynleg.

□ Fjármálaeftirlitið setur nánari viðmið um þær upplýsingar sem greina þarf í umsókn, svo og nauðsynleg fylgigögn, til þess að umsókn teljist fullnægjandi.

■ **19. gr. Viðvarandi upplýsingaskylda.**

□ Rafeyrisfyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 15. gr. eða takmarkað starfsleyfi skv. 16. gr. skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu án tafar um allar breytingar á áður veittum upplýsingum í tengslum við umsókn og veitingu starfsleyfis.

■ **20. gr. Starfsleyfisskilyrði.**

□ Starfsleyfi skal veitt ef umsækjandi sýnir að mati Fjármálaeftirlitsins fram á að skipulag í fyrirhuguðum rekstri rafeyrisfyrirtækis sé skýrt, fullnægjandi verklagsreglur séu til staðar er þjóni markmiðum um traustan og varfærinn rekstur og að starfsemi hafi á að skipa fullnægjandi innra eftirlitakerfi að því er varðar aðferðir við stjórnun, fyrirkomulag áhættustýringar og reikningsskil samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

□ Þær kröfur sem gerðar eru til umsækjanda skv. 1. mgr. skulu vera í samræmi við eðli og umfang þeirrar þjónustu sem fyrirhugað er að veita.

□ Við mat á umsókn um starfsleyfi er Fjármálaeftirlitinu heimilt að leita ráðgjafar Seðlabanka Íslands eða annarra viðeigandi opinberra yfirvalda.

□ Fjármálaeftirlitið getur gert kröfu um stofnun sérstakrar einingar fyrir rekstur rafeyrisfyrirtækis samkvæmt lögum þessum ef rafeyrisfyrirtækið sinnir annarri starfsemi samhliða útgáfu rafeyris og sá hluti rekstrarins hefur áhrif á fjárhagslegan styrk rafeyrisfyrirtækisins eða torveldar eftirlit með því að mati Fjármálaeftirlitsins.

□ Fjármálaeftirlitið skal synja um veitingu starfsleyfis ef það telur eigendur virkra eignarhluta í rafeyrisfyrirtæki ekki hæfa með tilliti til traustrar og varfærinnar stjórnunar fyrirtækisins.

□ Starfsleyfi skal ekki veitt ef nán tengsl rafeyrisfyrirtækis við einstaklinga eða lögðila hindra eftirlit með starfsemi af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Hið sama á við ef lög eða reglur, sem gilda um slíka tengda aðila, hindra eftirlit. Með nánnum

tengslum er í lögum þessum átt við nán tengsl í skilningi laga um fjármálafyrirtæki.

■ **21. gr. Tilkynning um veitingu eða synjun starfsleyfis.**

□ Fullnægi umsókn um starfsleyfi skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins veitir Fjármálaeftirlitið starfsleyfi. Að öðrum kosti skal Fjármálaeftirlitið synja um starfsleyfi með rökstuddum hætti.

□ Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu eða synjun starfsleyfis skal tilkynnt umsækjanda eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst.

■ **22. gr. Afturköllun leyfis.**

□ Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi rafeyrisfyrirtækis í heild eða að hluta ef:

a. rafeyrisfyrirtæki nýtir ekki starfsleyfi innan 12 mánaða frá því að það var veitt, afsalar sér ótvírætt leyfinu eða hættir starfsemi í meira en sex mánuði samfelt,

b. starfsleyfis hefur verið aflað á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,

c. rafeyrisfyrirtæki uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu,

d. áframhaldandi rekstur rafeyrisfyrirtækis ógnar stöðugleika greiðslukerfis,

e. starfsemi rafeyrisfyrirtækis fellur undir annað ákvæði í landslögum sem kveður á um afturköllun leyfis eða

f. rafeyrisfyrirtæki brýtur að öðru leyti alvarlega eða ítrekað gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

□ Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal rafeyrisfyrirtæki veittur hæfilegur frestur til úrbóta ef unnt er að koma úrbótum við að mati Fjármálaeftirlitsins. Þetta á þó ekki við um a-lið 1. mgr.

□ Afturköllun á starfsleyfi rafeyrisfyrirtækis skal tilkynnt stjórn þess og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði og auglýsa í fjölmiðlum. Tilkynning skal enn fremur send lögðilum eftirlitsaðilum í þeim ríkjum þar sem hlutaðeigandi rafeyrisfyrirtæki starfrækir útibú eða veitir þjónustu fyrir milligöngu umboðsaðila.

■ **23. gr. Góðir viðskiptahættir og þagnarskylda.**

□ Rafeyrisfyrirtæki skal viðhafa eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur. Fjármálaeftirlitið setur reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir og venjur.

□ Um þagnarskylda stjórnarmanna rafeyrisfyrirtækis, framkvæmdastjóra, endurskoðenda, starfsmanna og hverra þeirra sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins fer samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

C. Starfheimildir.

■ **24. gr. Starfsemi.**

□ Rafeyrisfyrirtækjum er heimilt að stunda eftirfarandi starfsemi, auk útgáfu rafeyris:

a. veitingu greiðsluþjónustu samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu,

b. lánveitingar í tengslum við greiðsluþjónustu sem um getur í 4., 5. og 7. tölul. 4. gr. laga um greiðsluþjónustu, að uppfylltum skilyrðum 5. mgr. 19. gr. þeirra laga,

c. aðra starfsemi og stoðþjónustu er tengist útgáfu rafeyris eða veitingu greiðsluþjónustu sem um getur í a-lið,

d. rekstur greiðslukerfa samkvæmt skilgreiningu laga um greiðsluþjónustu,

e. aðra starfsemi, nema því séu takmörk sett í þessum lögum eða öðrum lögum.

□ Lánveitingar skv. b-lið 1. mgr. má ekki fjármagna með þeim fjármunum sem rafeyrisfyrirtæki tekur við í skiptum fyrir útgefinn rafeyri og varðveittir skulu í samræmi við 25. gr.

□ Rafeyrisfyrirtæki er óheimilt að taka við innlánunum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi í skilningi laga um fjármálafyrirtæki.

□ Rafeyrisfyrirtæki er heimilt að halda greiðslureikninga sem skal einungis nota við framkvæmd greiðslna.

■ **25. gr. Varðveisla fjármuna.**

□ [Rafeyrisfyrirtæki skal varðveita tryggilega fjármuni sem móttækir hafa verið í skiptum fyrir rafeyri og halda þeim skýrt aðgreindum frá fjármunum sínum.]¹⁾ Fjármunir teljast tryggilega varðveittir ef þeir eru geymdir á innlánsreikningi hjá fjármálafyrirtæki eða ef fjárfest er með þeim í öruggum, seljanlegum og áhættulitlum eignum.

□ Fjármunum, sem móttækir hafa verið frá notendum greiðsluþjónustu eða frá öðrum greiðsluþjónustuveitendum vegna framkvæmdar greiðslu, skal haldið skýrt aðgreindum frá eigin fé greiðsluþjónustuveitanda, þ.m.t. rafeyrisfyrirtækisins, og fjármunum í eigu annarra en notenda greiðsluþjónustu.

□ Fjármunir sem rafeyrisfyrirtæki veitir viðtöku í formi greiðslu með greiðslumiðli skulu varðveittir í samræmi við 1.–2. mgr. frá þeim tíma sem þeir eru lagðir inn á greiðslureikning rafeyrisfyrirtækisins, eða þeir eru aðgengilegir því til ráðstöfunar í samræmi við ákvæði laga um greiðsluþjónustu um framkvæmdartíma, og í síðasta lagi innan fimm viðskiptadaga, í skilningi laga um greiðsluþjónustu, frá útgáfu rafeyris. Hvað sem öðru líður skulu slíkir fjármunir varðveittir tryggilega eigi síðar en fimm viðskiptadögum síðar, eins og þeir eru skilgreindir í 29. tölul. 8. gr. laga um greiðsluþjónustu, eftir útgáfu rafeyris.

□ Fjármunir skv. 1.–3. mgr. skulu teljast sértökukröfur í þrotabú rafeyrisfyrirtækis komi til gjaldþrots. Um rétt hæð þeirra fer skv. 109. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., enda sýni eigandi fjármuna fram á eignarrétt sinn að þeim.

□ Rafeyrisfyrirtæki skulu tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um breytingar sem máli skipta hvað varðar ráðstafanir til varðveislu fjármuna skv. 1.–3. mgr.

□ Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur²⁾ um tryggilega varðveislu fjármuna samkvæmt þessari grein.

¹⁾ L. 78/2014, 7. gr. ²⁾ Rgl. 322/2014.

D. Stjórn. Reikningsskil og endurskoðun.

■ **26. gr. Hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda.**

□ Um hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda samkvæmt skipulagi rafeyrisfyrirtækis gilda hæfisreglur laga um fjármálafyrirtæki eftir því sem við á.

□ Rafeyrisfyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á stjórn fyrirtækis og framkvæmdastjórn og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum 1. mgr. sé fullnægt.

□ Fjármálaeftirlitið setur reglur um hvernig staðið skuli að hæfismati stjórnarmanna og framkvæmdastjóra skv. 1. mgr. Í reglunum skal tekið tillit til eðlis starfsemi fyrirtækis og umfangs reksturs.

■ **27. gr. Reikningsskil og endurskoðun.**

□ Reikningsár rafeyrisfyrirtækis er almanaksárið. Ákvæði laga um fjármálafyrirtæki gilda að öðru leyti um bókhald,

endurskoðun og tilkynningarskyldu endurskoðenda rafeyrisfyrirtækja til Fjármálaeftirlitsins.

E. Eftirlit.

■ **28. gr. Eftirlit.**

□ Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi rafeyrisfyrirtækja, þ.m.t. umboðsaðilum, útibúum og útvistunaraðilum, sem falla undir ákvæði þessa kafla, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

□ Fjármálaeftirlitið skal hafa samstarf við lögbær yfirvöld í aðildarríkjum um framkvæmd eftirlits með starfsemi umboðsaðila, útibúa og útvistunaraðila hér á landi á vegum rafeyrisfyrirtækja sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum sem gilda um starfsemi rafeyrisfyrirtækja í þeim ríkjum.

□ Fjármálaeftirlitið skal tilkynna lögbærum yfirvöldum um það fyrir fram hyggist það framkvæma skoðun erlendis á starfsstöð rafeyrisfyrirtækis sem fengið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Slík skoðun skal framkvæmd í samstarfi við lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi ríki. Óski Fjármálaeftirlitið á hinn bóginn eftir því er því heimilt að fela lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi ríki framkvæmd slíkrar skoðunar.

□ Fjármálaeftirlitið skal að ósk lögbærra yfirvalda í aðildarríkjum veita víðeigandi upplýsingar um rafeyrisfyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum, einkum þegar brot eða grunur um brot umboðsaðila, útibús eða einingar sem starfsemi er útvistuð til er annars vegar. Mikilvægar upplýsingar skulu enn fremur sendar að frumkvæði Fjármálaeftirlitsins til lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki þar sem rafeyrisfyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum hefur starfsemi eða útvistar verkefni til.

F. Veiting þjónustu yfir landamæri með eða án stofnunar útibús eða í gegnum umboðsaðila.

■ **29. gr. Starfsemi innlendra rafeyrisfyrirtækja erlendis án stofnunar útibús.**

□ Hyggist rafeyrisfyrirtæki veita þjónustu samkvæmt lögum þessum í öðru aðildarríki án stofnunar útibús skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það fyrir fram. Í tilkynningu skal koma fram heiti og heimilisfang fyrirtækis, hvaða aðildarríki á í hlut og í hverju fyrirhuguð þjónusta sé fólgin. Innan mánaðar frá viðtöku slíkrar tilkynningar skal Fjármálaeftirlitið áframsenda lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi aðildarríki upplýsingarnar ásamt staðfestingu á því að sú þjónusta sem veita á falli undir starfsleyfi fyrirtækis.

□ Þegar Fjármálaeftirlitið hefur sent tilkynningu skv. 1. mgr. skal það færa víðeigandi upplýsingar í skrá yfir rafeyrisfyrirtæki skv. 17. gr.

■ **30. gr. Starfsemi innlendra rafeyrisfyrirtækja erlendis með stofnum útibús.**

□ Hyggist rafeyrisfyrirtæki veita þjónustu samkvæmt lögum þessum í öðru aðildarríki með stofnum útibús skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það fyrir fram. Í tilkynningu skal koma fram hvaða aðildarríki á í hlut, í hverju fyrirhuguð þjónusta sé fólgin, heiti og heimilisfang fyrirtækis, nöfn þeirra sem ábyrgir eru fyrir stjórn útibúsins, þau ríki sem útibúið hyggst veita þjónustu í og skipulag þess. Innan mánaðar frá viðtöku slíkrar tilkynningar skal Fjármálaeftirlitið áframsenda lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi aðildarríki upplýsingarnar ásamt staðfestingu á því að sú þjónusta sem veita á falli undir starfsleyfi fyrirtækis.

□ Þegar Fjármálaeftirlitið hefur sent tilkynningu skv. 1. mgr. skal það færa viðeigandi upplýsingar í skrá yfir rafeyrisfyrirtæki skv. 17. gr.

□ Berist Fjármálaeftirlitinu tilkynning frá lögbærum yfirvöldum í öðru aðildarríki, sem rafeyrisfyrirtæki óskar eftir að veita þjónustu í með stofnun útibús, sem hafa gilda ástæðu til að ætla að stofnun útibúsins gæti aukið hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka getur Fjármálaeftirlitið hafnað því að færa upplýsingar um útibúið í skrá skv. 17. gr. eða afturkallað skráningu hafi hún þegar farið fram.

□ Rafeyrisfyrirtæki skal sjá til þess að útibú sem veitir þjónustu fyrir þess hönd upplýsi notendur þjónustu um þá staðreynd.

■ **31. gr. Veiting þjónustu erlendis í gegnum umboðsaðila.**

□ Ef rafeyrisfyrirtæki óskar eftir því að dreifa rafeyri í öðru aðildarríki, með því að ráða til þess umboðsaðila, hvort heldur einstakling eða lögaðila, skal Fjármálaeftirlitinu tilkynnt um það fyrir fram. Í tilkynningu skulu koma fram upplýsingar skv. 1. mgr. 36. gr., auk upplýsinga um hvaða ríki á í hlut og í hverju fyrirhuguð starfsemi sé fölgín.

□ Innan mánaðar frá viðtöku slíkrar tilkynningar skal Fjármálaeftirlitið senda lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi ríki upplýsingar skv. 1. mgr. auk staðfestingar á því að sú þjónusta sem veita á falli undir starfsleyfi fyrirtækis ásamt beiðni um umsögn.

□ Þegar Fjármálaeftirlitið hefur sent tilkynningu skv. 2. mgr. skal það færa viðeigandi upplýsingar í skrá yfir rafeyrisfyrirtæki skv. 17. gr.

□ Hafi lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi ríki gilda ástæðu til að ætla að peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eigi sér stað, hafi átt sér stað eða sé í undirbúningi eða að skráning umboðsaðila geti aukið hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka er Fjármálaeftirlitinu heimilt að hafna eða afturkalla skráningu hafi hún þegar farið fram. Er þá rafeyrisfyrirtæki óheimilt að notast við hlutaðeigandi umboðsaðila til að dreifa eða innleysa rafeyri fyrir þess hönd frá þeim tíma.

□ Rafeyrisfyrirtæki ber ábyrgð á því að umboðsaðili upplýsi notendur þjónustu um að þjónustan sé veitt fyrir hönd erlends rafeyrisfyrirtækis.

■ **32. gr. Starfsemi utan Evrópska efnahagssvæðisins.**

□ Hyggist rafeyrisfyrirtæki veita þjónustu samkvæmt lögum þessum í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það fyrir fram. Í tilkynningu skal koma fram heiti og heimilisfang fyrirtækis, hvaða ríki á í hlut og í hverju fyrirhuguð þjónusta sé fölgín, auk annarra upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar þar að lútandi.

□ Fjármálaeftirlitið getur bannað starfsemi skv. 1. mgr. ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun eða fjárhagsstaða hlutaðeigandi rafeyrisfyrirtækis sé ekki nægilega traust. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er.

■ **33. gr. Þjónusta rafeyrisfyrirtækis innan EES án stofnunar útibús.**

□ Erlendu rafeyrisfyrirtæki, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, er heimilt að veita þjónustu samkvæmt lögum þessum hér á landi án stofnunar útibús.

□ Svissnesk og færeysk rafeyrisfyrirtæki geta veitt þjónustu samkvæmt þessari grein enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og rafeyrisfyrirtækja með staðfestu í ríki innan

Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfs-samningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.

□ Erlendu rafeyrisfyrirtæki skv. 1.–2. mgr. er heimilt að veita þjónustu hér á landi þegar tilkynning sem uppfyllir skilyrði 4. mgr. hefur borist Fjármálaeftirlitinu frá lögbæru yfirvaldi aðildarríkis.

□ Í tilkynningu skal koma fram heiti og heimilisfang fyrirtækis, hvers konar þjónustu fyrirtæki hyggst veita og staðfesting þess að sú þjónusta sem veita á falli undir starfsleyfi fyrirtækis.

■ **34. gr. Þjónusta rafeyrisfyrirtækis innan EES með stofnun útibús.**

□ Erlendu rafeyrisfyrirtæki, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, er heimilt að veita þjónustu samkvæmt lögum þessum hér á landi með stofnun útibús.

□ Svissnesk og færeysk rafeyrisfyrirtæki geta veitt þjónustu samkvæmt þessari grein enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og rafeyrisfyrirtækja með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfs-samningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.

□ Erlendu rafeyrisfyrirtæki skv. 1.–2. mgr. er heimilt að veita þjónustu hér á landi þegar tilkynning sem uppfyllir skilyrði 4. mgr. hefur borist Fjármálaeftirlitinu frá lögbæru yfirvaldi aðildarríkis.

□ Í tilkynningu skal koma fram heiti og heimilisfang fyrirtækis, hvers konar þjónustu fyrirtæki hyggst veita, staðfesting á því að sú þjónusta sem veita á falli undir starfsleyfi fyrirtækis, nöfn þeirra sem ábyrgir eru fyrir stjórn útibúsins og skipulag þess.

□ Hafi Fjármálaeftirlitið gilda ástæðu til að ætla að peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eigi sér stað, hafi átt sér stað eða sé í undirbúningi eða að stofnun útibús gæti aukið hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka skal Fjármálaeftirlitið tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaríkis um það. Ákveði lögbær yfirvöld heimaríkis að hafna eða afturkalla skráningu í framhaldi af slíkri tilkynningu er viðkomandi útibúi ekki heimilt að veita þjónustu hér á landi frá þeim tíma.

□ Útibú sem veitir þjónustu fyrir hönd erlends rafeyrisfyrirtækis skal upplýsa notendur þjónustu um þá staðreynd.

□ Ákvæði hlutafélagalaga varðandi útibús erlendra hlutafélaga eiga ekki við um útibú skv. 1. mgr.

■ **35. gr. Þjónusta eða stofnun útibús hjá rafeyrisfyrirtæki utan EES.**

□ Fjármálaeftirlitið getur heimilað rafeyrisfyrirtæki með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að veita þjónustu eða opna útibú hér á landi. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að fyrirtækið hafi leyfi til að stunda starfsemi í heimaríki sínu hliðstæða þeirri sem það hyggst stunda hér á landi og að sú starfsemi sé háð sambærilegu eftirliti í heimaríkinu.

□ Ef Fjármálaeftirlitið veitir heimild skv. 1. mgr. skal stofnunin tilkynna það til Eftirlitsstofnunar EFTA.

G. Umboðsaðilar.

■ **36. gr. Veiting rafeyrisþjónustu í gegnum umboðsaðila.**

□ Rafeyrisfyrirtæki sem hyggst dreifa eða innleysa rafeyri fyrir milligöngu umboðsaðila skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það fyrir fram. Tilkynningunni skulu fylgja upplýsingar um nafn og heimilisfang umboðsaðilans og lýsing á

innra eftirlitskerfi sem m.a. skal uppfylla kröfur laga um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, svo og nauðsynlegar upplýsingar og gögn til að sýna fram á að stjórnendur uppfylli hæfiskröfur að mati Fjármálaeftirlitsins.

□ Fjármálaeftirlitið skráir umboðsaðila í skrá skv. 17. gr., að fengnum upplýsingum skv. 1. mgr. Telji Fjármálaeftirlitið vafa leika á um að upplýsingarnar séu réttar skal það grípa til aðgerða til að sannreyna þær. Fjármálaeftirlitið synjar um skráningu á umboðsaðila í skrá yfir rafeyrisfyrirtæki ef það er mat þess að ósannað teljist að upplýsingar skv. 1. mgr. séu réttar eða fullnægjandi.

□ Ef Fjármálaeftirlitið metur upplýsingar skv. 1. mgr. ófullnægjandi eða rangar er því heimilt að hafna skráningu og er þá rafeyrisfyrirtæki óheimilt að notast við hlutaðeigandi umboðsaðila til að dreifa eða innleysa rafeyri fyrir þess hönd frá þeim tíma.

□ Rafeyrisfyrirtækjum er heimilt að dreifa rafeyri og innleysa hann í gegnum umboðsaðila sem aðhafast fyrir þeirra hönd eftir að Fjármálaeftirlitið hefur skráð hann í skrá yfir rafeyrisfyrirtæki skv. 17. gr. Útgáfa rafeyris í gegnum umboðsaðila er óheimil.

□ Ef rafeyrisfyrirtæki óskar eftir því að dreifa rafeyri í öðru aðildarríki í gegnum umboðsaðila fer um slíkt skv. 31. gr.

□ Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um hvaða skilyrði innri eftirlitskerfi umboðsaðila þurfa að uppfylla og hvernig skal meta hæfi stjórnenda skv. 1. mgr. Í reglunum skal tekið tillit til eðlis starfsemi og umfangs reksturs.

■ **37. gr. Veiting greiðsluþjónustu rafeyrisfyrirtækis í gegnum umboðsaðila.**

□ Rafeyrisfyrirtæki er heimil veiting greiðsluþjónustu samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu, sbr. a-lið 1. mgr. 24. gr., þar á meðal fyrir tilstilli umboðsaðila að uppfylltum skilyrðum 23. gr. g laga um greiðsluþjónustu.

□ Ef rafeyrisfyrirtæki óskar eftir því að veita greiðsluþjónustu í öðru aðildarríki í gegnum umboðsaðila fer um slíkt skv. 23. gr. b laga um greiðsluþjónustu.

H. Útvistun.

■ **38. gr. Útvistun.**

□ Rafeyrisfyrirtæki sem hyggst útvista rekstrarþætti í starfsemi sinni skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það fyrir fram.

□ Útvistun mikilvægra rekstrarþátta sem dregur umtalsvert úr gæðum innra eftirlits rafeyrisfyrirtækis og torveldar eftirlit með framkvæmd laga þessara er óheimil. Rekstrarþáttur telst mikilvægur ef ágalli eða brestur í framkvæmd hans hefur umtalsverð neikvæð áhrif á getu rafeyrisfyrirtækis til að uppfylla þær kröfur sem liggja til grundvallar starfsleyfi þess eða skyldur samkvæmt lögunum, fjárhagslega afkomu rafeyrisfyrirtækis eða styrkleika eða samfelldni þjónustunnar sem um ræðir.

□ Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um hvernig rafeyrisfyrirtæki er heimilt að standa að útvistun mikilvægra rekstrarþátta.

I. Annað.

■ **39. gr. Bótaábyrgð.**

□ Rafeyrisfyrirtæki ber skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem rakið verður til athafna starfsmanna þess, umboðsaðila, útibúa og þeirra aðila sem rekstrarþáttum rafeyrisfyrirtækis hefur verið útvistað til.

□ Rafeyrisfyrirtæki sem reiðir sig á þriðja aðila til að annast tiltekna rekstrarþætti skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé að lögum þessum.

■ **40. gr. Varðveisla gagna.**

□ Rafeyrisfyrirtæki ber að varðveita öll viðeigandi gögn er varða þennan kafla að lágmarki í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs.

IV. kafli. Eftirlit, réttarúrræði og viðurlög.

■ **41. gr. Fjármálaeftirlitið.**

□ Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara að því er varðar eftirlitsskylda aðila samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

□ Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi rafeyrisfyrirtækja, þ.m.t. umboðsaðilum, útibúum og útvistunaraðilum, sem falla undir ákvæði III. kafla, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

□ Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

■ **42. gr. Úrskurðar- og réttarúrræði.**

□ Útgefendur rafeyris skulu hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarúrræði ef ágreiningur rís milli handhafa rafeyris og útgefanda rafeyris, m.a. um málskot til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki skv. 2. mgr.

□ Handhafar rafeyris geta skotið ágreiningi er varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. 19. gr. a í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Rafeyrisfyrirtækjum er skylt að eiga aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

■ **43. gr. Stjórnvaldssektir.**

□ Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brytur gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og, eftir atvikum, reglum settum á grundvelli þeirra:

1. 3. gr. um einkarétt útgefanda rafeyris til útgáfu rafeyris hérlendis,
2. 5. gr. um að rafeyrir skuli gefinn út á nafnverði þegar fjármunum er veitt viðtaka,
3. 6. gr. um bann við vöxtum,
4. 7. gr. um innlausn rafeyris,
5. 8. gr. um þóknun vegna innlausnar,
6. 11. gr. um stofnfé,
7. 12. og 13. gr. um eiginfjárgrunn og útreikning eigin fjár,
8. 14. gr. um meðferð virkra eignarhluta,
9. 15. gr. um að starfsleyfissskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis,
10. 2.–4. mgr. 16. gr. um heimildir og skyldur aðila með takmarkað starfsleyfi,
11. 19. gr. um viðvarandi upplýsingaskyldu,
12. 23. gr. um góða viðskiptahætti og þagnarskyldu,
13. 2. og 3. mgr. 24. gr. um aðra starfsemi,
14. 25. gr. um varðveislu fjármuna,
15. 26. gr. um hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda,
16. 27. gr. um reikningsskil og lögboðna endurskoðun,
17. 1. mgr. 29. gr., 1. og 4. mgr. 30. gr., 1. og 5. mgr. 31. gr. og 6. mgr. 34. gr. um veitingu þjónustu yfir landamæri,
18. 1. og 4. mgr. 36. gr. og 37. gr. um veitingu þjónustu í gegnum umboðsaðila,
19. 1.–2. mgr. 38. gr. um útvistun rekstrarþátta,

20. 2. mgr. 39. gr. um skyldu til að tryggja að þriðji aðili, sem falið hefur verið að annast tiltekna rekstrarþætti, geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé að lögum þessum,

21. 40. gr. um varðveislu gagna.

□ Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrek að brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

□ Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögprot eru framin af ásetningi eða gáleysi. Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara, reglur settar á grundvelli þeirra eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur¹⁾ um framkvæmd ákvæðisins.

□ Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kærú til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögprot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

□ Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

□ Frestur skv. 5. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

¹⁾ Rgl. 728/2014.

■ 44. gr. Sektir eða fangelsi.

□ Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggja þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og, eftir atvikum, reglum settum á grundvelli þeirra:

1. 3. gr. um einkarétt útgefanda rafeyris til útgáfu rafeyris héraendis,

2. 12. og 13. gr. um eiginfjárgrunn og útreikning eigin fjár,

3. 15. gr. um að starfsleyfissskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis,

4. 2. mgr. 23. gr. um þagnarskyldu,

5. 27. gr. um reikningsskil og lögboðna endurskoðun.

□ Þá varðar það sömu refsingu að gefa vísitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi útgefanda rafeyris eða annað er hann varðar, opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða notenda þjónustu útgefanda rafeyris.

□ Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

□ Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

□ Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

□ Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kærú Fjármálaeftirlitsins.

□ Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum og ef verknaður er framinn með sérstaklega vítavörðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til rannsóknar lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

□ Með kærú Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kærú mál til lögreglu.

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákærúvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 7. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 7. mgr.

□ Lögreglu og ákærúvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 7. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 7. mgr.

□ Telji ákærúandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnvaldsleiðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

□ [Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra óháð því hvort sök verði sönnuð á tiltekinn fyrirsvarsmann lögaðilans, starfsmann hans eða annan aðila sem starfar á hans vegum. Hafi fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum með saknæmum hætti brotið gegn lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra í starfsemi lögaðilans má gera honum refsingu, auk þess að gera lögaðilanum sekt.]¹⁾

¹⁾ L. 58/2015, 21. gr.

V. kafli. Önnur ákvæði.

■ 45. gr. Innleiðing.

□ Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og varfærniseftirlit með þeim, breytingu á tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu á tilskipun 2000/46/EB, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2010, frá 10. nóvember 2010, sem birt var 3. mars 2011 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12/2011.

■ 46. gr. Gildistaka.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2013.

■ 47. gr. Breytingar á öðrum lögum. . . .

■ Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara gilda um greiðsluþjónustuveitendur og notendur greiðsluþjónustu takmarkanir sem kunna að felast í ákvæðum laga nr. 87/1992, um gjaldeyris-

mál, og reglum sem settar eru með stöð í þeim, á hverjum tíma.

ELDDRI ÚTGÁFA